

***FORSÆTISNEFND 13. desember 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um lækun kostnaðar við útsendingu af fundum borgarstjórnar - R19120123***

Flokkur fólksins leggur til að leitað verði leiða til að lækka enn frekar kostnað við tækni- og útsendingar á borgarstjórnarfundum. Kostnaður nemur oft allt að hálfri milljón. Á síðasta forsætisnefndarfundum bærust upplýsingar um tækni og útsendingakostnað borgarstjórnarfunda. Borgarfulltrúi Flokks fólksins lýsti furðu sinni á þessum háa kostnaði í bókun og birtist sú bókun í fjölmiðlun. Í kjölfar þess að bókun Flokks fólksins birtist í fjölmiðlum höfðu tveir tæknimenn samband í netpósti og töldu að lækka mætti þennan kostnað um a.m.k. helming. Þeim ber saman um að hann er ekki í takt við raunveruleikann. Núverandi gæði útsendinga eru heldur ekki góð t.d. fara hljóð og mynd ekki saman. Önnur sveitarfélög hafa sem dæmi fjárfest í búnaði og með uppsetningu hans er kostnaður um 280.000 eftir því sem fram kemur hjá tæknimanni. Enginn aukakostnaður ætti þá að vera á hvern fund og ekki þarf sérþekkingu til að kveikja og slökkva á búnaðinum. Skoða þarf þetta út frá öllum hliðum, fá faglega ráðgjöf, bera saman verð og leita svo útboða samkvæmt innkaupareglum borgarinnar. Umfram allt á borgin að eiga þennan búnað og fela starfsmanni Ráðhúss að kveikja og slökkva á honum. Með þeim hætti spara borgin mikið fé.